

## SPURNINGU SVARAD.

Eftir dr. HELGÅ PJETURSS.

## I.

„Höfum vjer lifað áður?“ spyr írski rithöfundurinn Shaw Desmond, í Lesbók Morgunblaðsins 14. sept. Og er bersýnilegt, að hann heldur sjálfur, að þeirri spurningu verði að játa. Og er þó hitt rjett. En ekki er að furða þó að sú trú, að menn sjeu endurbornir, hafi komið upp og náð mikilli útbreiðslu. Því að sú skýring liggur beinast við, þegar menn virðast sjálfir eiga endurminningar einhverra, sem áður hafa lifað, og alveg má ganga úr skugga um að endurminningar þessar eru rjettar, en ekki neinn hugarburður. Hvergi mun trúin á endurburð vera ríkari en í Tibet, þar sem hæst er mannaþyngd á jörðu hjer. En í Evrópu mun sú trú vera algengust í Frakklandi, og er það sennilega að rekja til grískra áhrifa, sem þar í landi hafa verið sjerstaklega sterk, eins og tungu-

málið ber ljóslega vótt um. En Grikkjum boðaði einkum Pyþagoras þá trú. Var Pyþagoras einn af mestu vitsnillingum, sem verið hafa, en hjelt þó að hann hefði lifað áður, verið einn af köppunum í Trjústríði, og heitið þá Evforbos; og er það mjög eftirtektarvert, því að það nafn þýðir eða getur þýtt: sá sem nærir á góðum mat, og þó eigi síður: sá sem aðra nærir á góðum mat; en Pyþagoras vildi m. a. koma því á, að menn lifðu á hollari mat en áður.

## II.

Endurminningar þessar hinar furðulegu, eru ekki nein sönnun fyrir því, að menn hafi lifað áður. En að vísu eru þar mjög merkileg bending um að framliðnir lifa þrátt fyrir dauðann, því að endurminningarnar eru miðillfyrirburður, stafa af nánú sambandi

við framliðinn, þó að sá sem þetta samband hefir, skilji það ekki. En alt verður þetta mjög skiljanlegt, þegar eðli draumlífsins er kunnugt orðið og menn vita, að draumarnir stafa af sambandi við draumgjafa, eins og lesa má um í Nýal og Eunnýal.

Þýðing sambandsins við framliðna er afarmikil, og þegar þekking er fengin á því sviði, má haga svo til, að vjer fáum samband við fullkonnari verur, þannig, að vjer verðum miklu fullkonnari sjálfir en áður, bæði andlega og líkamlega. Má þetta marka nokkuð af hinum svonefndu undrabörnum; því að hin ótrúlega fullkonnun slíkra barna, stafar af magnan frá framliðnum snillingum. Alkunnugt er, að undrabörn eru oft ekki að því skapi undraverð, þegar fullorðinsaldrinum er náð, og kemur þar fram að um miðilfyrirburð er að ræða; því að barnið er vanalega betri miðill, hefir meiri hæfileika til að taka við magnan, heldur en hinn fullorðni,

### — III. —

Spurningunni í upphafi greinar þessarar, verður að svara með hiklausu nei-i. Tilverunni er ekki svo fávíslega fyrirkomid, að vjer fæðumst hjer á jörðu aftur og aftur, og höfum oftastnær, engar endurminningar um fyrri líf, og aðeins ófullkonnar, þegar þó virðist svo sem vjer eigum slíkar endurminningar. Mennt hafa sagt, að það sje laganlegast, að muna ekki sína fyrri æfi. En það er svo langt frá því, að vor fyrri tilvera gleymist alveg, þegar vjer höfum eftir dauðann, endurlíkamast á annari jörð, að vjer munum það, sem fyrir oss hefir komid, margfallega miklu betur en í lífinu hjer á jörðu. Alt, sem á dagana hefir drifið rifjast upp, og oss er kent að skilja hvað var gott og hvað ekki, hvað rangt stefndi og hvað rjett. Vjer lærum, með tilstyrk betri kennara en til eru hjer á jörðu, að átta oss fullkomlega á æfi vorri. Og er ekki alveg í augnu uppi, að oss er þetta nauð-

synlegt, ef vjer eigum að geta orðið hæfir til að lifa í hinu nýa og fullkonnara mannfjelagi, sem við tekur? En ekki er því að leynd, að það er oft talsverðum örðugleikum bundið, að öðlast þennan skilning. Mun í því efni verða mikil breyting til batnaðar, þegar menn vilja þiggja þá hjálpi, sem jeg er að bjóða þeim, og samþand það sem jeg gat um áður, kemst í rjett horf. Þegar svo er komið, þá líður að því, að menn hætti að lifa þannig hjer á jörðu, að meiri hluti æfinuar fari í það að gamlast og hrörna. Öll æfin verður þá framfaratími, og æfjlokin stafa þá ekki af meiðslum, veikindum, eða ellihrörnun, heldur lýkur lífi manna hjer á jörðu, þegar þeim er farið svo fram, að þeir sjeu hæfir orðnir til upptöku í fullkonnara mannfjelag. Og þá fyrst verður dauðinn sigraður; því að umskiftin verða þrautalaust.

En mikið þarf hjer að lagast, áður þessu verði komið í kring. Miklu meir en hingað til hefir

verið, þarf áhugi manna að verða því, að það sje ekki sannleikinn, sem þeir lítillsvirða, en ljéðminni, lygin og villan, sem þeir eta mest.

18. sept.

---